

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins

Björgvin

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir sem fylgjast með.

Ég heiti Björgvin Þór Þórarinsson og er fulltrú nemenda Fjölbrautaskóla Vesturlands í ungmennaráði Akraness

Ástandið í Fjölbrautaskólanum hefur líklega ekki farið fram hjá neinum og það ætti ekki að koma neinum á óvart að ég sé að fara að ræða um það.

En ég er ekki kominn hingað til að tala fyrir hönd kennara skólans og ég er ekki kominn hingað til að tala fyrir hönd stjórnenda skólans. Ég er kominn hingað til að tala fyrir hönd nemenda.

Það er alltaf sagt að nemendurnir séu númer eitt í skólakerfinu, en ég hef ekki enn tekið eftir því að fólk vilji mikið vera að hlusta á það sem við höfum að segja um málefni sem varða okkur.

Það er búin að ríkja mikil óánægja með stjórnunarhætti í skólanum meðal nemenda síðan áður en ég hóf nám við skólann en í ferlinu sem hefur verið í gangi síðustu um það bil fimm mánuði hef ég ekki vitað til þess að sjónarmið nemenda hafi nokkurn tíman verið skoðað.

Það hefði getað verið gert með því að gera einhvers konar könnun, velja nemendur af handahófi og taka þá tali eða tala við stjórn nemendafélagsins sem fulltrúa nemenda svo dæmi séu tekin.

Ég geri mér grein fyrir því að skólinn er ríkisrekinn svo að bæjarstjórn hefur nokkuð heft vald þegar kemur að ákvarðanatöku í málefnum skólans en það sem bæjarstjórn hefur er áhrifavaldið. Fólk hlustar á það sem þið hafið að segja og það getur breytt miklu þegar kemur að svona málum.

Bæjarstjórn samþykkti ályktun þann 22. október síðastliðinn þar sem skorað var á yfirvöld menntamála að grípa til aðgerða í málefnum skólans sem fyrst til að sátt skapist meðal starfsmanna.

Ég vil hrósa bæjaryfirvöldum og þakka fyrir að koma með þessa ályktun því að hún skiptir miklu máli en í leiðinni vil ég benda á að hún hefði mátt koma nokkru fyrr.

Það ætti að vera forgangsmál hjá hverju bæjarfélagi að hafa góðan og farsælan framhaldsskóla. Þess vegna ættu bæjaryfirvöld að gera allt sem þau geta til þess að friður geti skapast í skólanum.

Þegar kemur að stjórnunarmálum í skólanum er okkur nemendum haldið algjörlega utan við allt. Upplýsingum er haldið frá okkur eins og þær komi okkur ekki við og það getur jafnvel verið erfitt fyrir okkur að afla okkur upplýsinga sjálfir.

Ég tók nýverið viðtöl við 14 nemendur í skólanum af handahófi þar sem ég spurði hvað þeir vissu um vandamál í stjórnunarmálum skólans. Í hópnum var að minnsta kosti einn nemandi af hvoru kyni frá hverjum árgangi í skólanum. Niðurstöðurnar úr viðtölunum komu ekki á óvart en þær voru að fólk gerði sér yfirhöfuð grein fyrir vandamálum milli stjórnar, kennara og yfirvalda en ekki af hvaða toga þau væru.

Algeng svör voru í líkingu við eftirfarandi dæmi:

Kennarar eru ósáttir við stjórnunarhætti en ég veit ekki af hverju.

Skólameistari er að kæra vegna ólögðrar uppsagnar, veit ekki hvað var ólöglegt.

Skólameistari rak einhverja kennara ólöglega og kennarar eru ósáttir.

Ég hef tekið eftir því að kennurum líður illa og mæta stundum ekki til vinnu vegna þess, veit ekki af hverju.

Ég hef heyrt að stjórn skólans sé að reyna að gera allt það versta fyrir okkur.

Eins og heyrist eru svörin mjög fjölbreytt frá því að vera nokkurn veginn rétt yfir í algjörlega kolröng. Skýringin á þessu er líklega sú að það eru ekki margir staðir fyrir framhaldsskólanemendur til að fá þessar upplýsingar. Eini staðurinn sem mér dettur í hug er á fréttamiðlum þar sem ekki er búið að fjalla neitt um málið nema nýlega og var það mjög lítil umfjöllun.

Nær allt sem nemendur fá að fréttu af gangi málanna berst með munnmælum og fara þar af leiðandi mikið af falsfréttum og ýkjusögum á flakk.

Við erum fær á að mynda okkar eigin skoðanir en það er ekki hægt nema við getum fengið upplýsingar til þess að geta myndað okkur heilbrigða skoðun.

Það er mikilvægt að ungmenni fái vettvang til að tjá sig þegar kemur að málum eins og mennta- og menningarmálum eins og bæjarstjórnarfundur ungmenna er. Það mætti samt vera meira um þátttöku ungmenna í bæjarmálum á öllum sviðum og tel ég að það að virkja ungmenni í stjórn málum sé mikilvægt upp á framtíðina að gera.

Það sem ég vil er að við nemendurnir fáum að vita það sem er að gerast í kring um okkur svo að við getum hjálpað til og verið partur af lausninni.

Vellíðan kennaranna kemur okkur við, ekki bara vegna þess að það kemur niður á náminu okkar, heldur líka vegna þess að við umgöngumst þetta fólk 8 tíma á dag, 5 daga í viku og okkur þykir vænt um þau. Alveg eins og vellíðan samstarfsfélaga ykkar skiptir ykkur máli þá skiptir vellíðan kennara nemendur máli.